



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fargjaldahækkun Strætó

Á fundi borgarráðs þann 6. október 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Rekstur Strætó hefur verið í jánnum að undanförmu. Hækkun fargjalds tók gildi 1. október. Gjaldskrá ungmenna í strætó hækkar verulega eða úr 25.000 kr. í 40.000 kr., en hækkunin er um 60%. Árskort mun einnig hækka umtalsvert. Hér er verið að fara þveröfuga leið en stefnt var að sem var að frítt yrði í strætó fyrir börn. Óttast er að þessi gjaldskráhækkun mun hafa mest áhrif á börn sem búa við fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram fyrirspurn til meirihlutans í borgarstjórn um hvaða áhrif talið er að hækkun strætófargjalds sem tók gildi 1. október hefur á börn sem búa við fátækt? Einnig er spurt hvernig þessi hækkun samræmist loforði meirihlutans um ókeypis fyrir grunnskólabörn í strætó? Óskað er skýringa því þetta samræmist varla hagsmunum barna á höfuðborgarsvæðinu og er sýnilega í hróplegri andstöðu við betri borg fyrir börn. Hætta er á að það muni aukast líkur á að foreldrar aki börnum sínum í tólmstundir og ekki er það gott fyrir kolefnissporið.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 12. október sl.

Svar við fyrirspurn:

Ekki er alveg rétt farið með breytingu á gjaldinu. Þann 1. október sl. hækkaði gjaldskrá Strætó en hækkunin nam 12,5%. Gjaldið hækkaði því úr 40.000 í 45.000 kr. fyrir 12 mánaða tímabilskort fyrir ungmenni og úr 80.000 í 90.000 kr. fyrir fullorðna, en öll fargjöld og tímabilskort tóku sömu verðbreytingum.

Þann 1. nóvember 2021 var þó einnig gerð töluverð breyting á gjaldskránni og uppbyggingu hennar breytt. Við breytinguna fór ungmennafargjaldið t.d. úr 25.000 í 40.000 kr., gjald fyrir fullorðna lækkaði en aldursviðmið barna sem fá frítt í Strætó var hækkað úr sex ára og yngri í 11 ára og yngri. Samkvæmt upplýsingum frá Strætó hafa þessar breytingar gefist vel og notkun aukist talsvert fyrir þann aldursflokk. Þá var boðið upp á að kaupa mánaðarkort fyrir alla vöruflokka sem ekki var áður í boði. Með því var komið til móts við ábendingar um að erfitt gæti reynst að greiða árskort til að fá magnafslátt, líkt og eldra upplegg gerði ráð fyrir.

Fyrirgreind gjaldskrárbreyting var gerð í kjölfar vinnu stjórnar Strætó um að einfalda og samræma gjaldskrá félagsins sem miðaði m.a. að því að samgöngukostnaður heimila yrði



Reykjavíkurborg

sambærilegur eða lægri en í fyrri gjaldskrá og að breytingin skilaði ekki auknum tekjum til Strætó.

Í samstarfssáttmála meirihluta Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar kemur fram að ætlunin sé að hafa ókeypis í Strætó fyrir öll börn á grunnskólaaldri. Fyrsta skrefið hefur verið stigið með því að hækka aldursviðmið barna sem fá frítt í Strætó var úr sex ára og yngri í 11 ára og yngri.

Varðandi hættuna á því að með þessu aukist líkur á því að foreldrar aki börnum sínum í tómsundur er vert að nefna að samkvæmt upplýsingum frá FÍB kostar um 1,5 m.kr. á ári að reka smábíl. Enn er því langt í land að kostnaðurinn sé sambærilegur.

Þorsteinn Gunnarsson
borgaritari